



Samanburður á reglugerðum um skólahald

nr. 6/2022 og nr. 91/2022

29. janúar 2022



Samanburður á skólareglugerð nr. 6/2022 og 91/2022

1. gr.

Ákvörðun og markmið.

Með vísan til 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, hefur heilbrigðisráðherra_ákveðið, að fenginni tillögu sóttvarnalæknis og í samráði við mennta- og barnamálaráðherra og vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, að takmarka skólastarf tímabundið eftir því sem hér greinir.

Markmið með reglugerð þessari er að tryggja að sem minnst röskun verði á skólastarfi vegna COVID-19 sjúkdómsins með ýtrustu sóttvarnarsjónarmið að leiðarljósi.

Samanburður á skólareglugerð nr. 6/2022 og 91/2022

2. gr.

Gildissvið.

Takmörkun á skólastarfi tekur gildi frá og með ~~13~~ **29.** janúar 2022 og gildir til og með ~~2~~ **24.** febrúar 2022.

Stjórnvöld endurmeta þörf á takmörkun skólastarfs eftir því sem efni standa til, þ.e. hvort unnt sé að aflétta henni fyrir eða hvort þörf sé á að framlengja gildistíma hennar.

Takmörkun á skólastarfi tekur til leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, framhaldsskóla, framhaldsfræðslu og háskóla, hvort sem um er að ræða opinbera eða einkarekna skóla. Þá tekur reglugerðin jafnframt til tengdrar starfsemi, svo sem skólabókasafna, frístundaheimila, skólabúða og félagsmiðstöðva, sem og til æskulýðs- og tómstundastarfs.

Í sameiginlegum umgangsrýmum innandyra á öllum skólastigum, svo sem við innganga, í anddyri og á göngum, **sem og í mötuneytum,** er heimilt að víkja frá fjöldatakmörkun að því gefnu að starfsfólk ~~noti andlitsgrímu~~ **og nemendur fæddir 2005 og fyrr notu andlitsgrímur.** Þá er blöndun hópa heimil á öllum skólastigum og starfsfólki er heimilt að fara milli rýma.

~~Í mötuneytum á öllum skólastigum er hámarksfjöldi nemenda 50.~~

Um verklegt ökunám og flugnám og um íþróttastarf utan skólastarfs fer samkvæmt reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

Samanburður á skólareglugerð nr. 6/2022 og 91/2022

3. gr.

Leikskólar.

Leikskólum er heimilt að halda uppi skólastarfi í skólabyggingum með **2 1** metra nálægðartakmörkun milli starfsfólks. Sé ekki unnt að tryggja **2 1** metra nálægðartakmörkun milli starfsfólks skal það nota andlitsgrímur. Starfsfólki ber ekki skylda til að nota andlitsgrímur í samskiptum við leikskólabörn. Ekki skulu vera fleiri en **20 50** fullorðnir einstaklingar í hverju rými, þó er starfsmönnum heimilt að fara milli rýma. Sömu reglur gilda um starfsfólk skólaþjónustu. ~~Ekki skulu vera fleiri en 50 leikskólabörn í hverju rými innandyrá, en fjöldatakmarkanir gilda ekki á útisvæðum leikskóla.~~ Hvorki nálægðartakmarkanir né grímuskylda taka til barna á leikskólaaldri.

Viðburðir tengdir starfi eða félagslífi leikskóla, svo sem leiksýningar og tónleikar, eru heimilir og skal framkvæmd vera í samræmi við 7. mgr. 5. gr., sbr., óheimilir fyrir aðra en nemendur og kennara 3. gr., reglugerðar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

Viðvera foreldra sem dvelja inni á leikskóla vegna aðlögunar skal skipulögð þannig að þeir þurfi ekki að nota hreinlætis- eða mataraðstöðu í byggingunni og skulu þeir gæta að minnst **2 1** metra nálægðartakmörkun jafnt sín á milli sem og gagnvart starfsfólki. Aðeins eitt foreldri fylgi barni í aðlögun og skal það vera sama foreldrið sem fylgir barninu allt aðlögunartímabilið. Foreldrum ber að nota andlitsgrímu þar sem ekki er unnt að viðhafa **2 1** metra nálægðartakmörkun.

Ákvæði þessarar greinar eiga einnig við um skipulagt æskulýðs- og tólmstundastarf barna á leikskólaaldri og er einum einstaklingi heimilt að fylgja barni í því starfi.

Samanburður á skólareglugerð nr. 6/2022 og 91/2022

4. gr.

Grunnskólar.

Grunnskólum er heimilt að halda uppi skólastarfi, þ.m.t. íþróttakennslu, í skólabyggingum með 21 metra nálægðartakmörkun milli starfsfólks. Sé starfsfólki ekki unnt að tryggja ~~2~~ 1 metra nálægðartakmörkun sín á milli og gagnvart nemendum skal starfsfólkið nota andlitsgrímur. Ekki skulu vera fleiri en ~~20~~ 50 starfsmenn í hverju rými, þó er starfsmönnum heimilt að fara milli rýma. Sömu reglur gilda um starfsfólk skólaþjónustu og tónlistarskóla sem kemur inn í grunnskóla.

Nemendur eru undanþegnir grímuskyldu. Ekki skulu vera fleiri en 50 nemendur í hverju rými og skal leitast við að viðhafa 1 metra nálægðartakmörkun milli þeirra í skólastofum. Þrátt fyrir 2. másl. gilda fjöldatakmarkanir ekki í skólaakstri. Fjöldatakmarkanir gilda ekki á útisvæðum en leitast skal við að takmarka fjölda nemenda á hverju útisvæði eins og kostur er, án þess að það komi niður á útiveru nemenda.

Viðburðir tengdir starfi eða félagslífi grunnskóla, svo sem fyrirlestrar, upplestrarkeppnir o.fl., eru ~~óheimilir fyrir aðra en nemendur og starfsfólk~~ heimilir og skal framkvæmd vera í samræmi við 7. mgr. 5. gr., sbr. 3. gr., reglugerðar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

Við aðstæður þar sem ekki er hægt að framfylgja nálægðartakmörkun, svo sem í verklegri kennslu, listkennslu og kennslu nemenda í sérskólum, skulu kennarar nota andlitsgrímu, sbr. þó 5. mgr. 4. gr. reglugerðar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

Ákvæði þessarar greinar eiga einnig við um frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, skólabúðir og skipulagt æskulýðs- og tómstundastarf barna á grunnskólaaldri.

Samanburður á skólareglugerð nr. 6/2022 og 91/2022

5. gr.

Tónlistarskólar.

Tónlistarskólum er heimilt að sinna kennslu með ~~2~~ **1** metra nálægðartakmörkun milli starfsfólks og nemenda. Ekki skulu vera fleiri en **20** ~~50~~ starfsmenn í hverju rými, þó er starfsmönnum heimilt að fara milli rýma. Ekki skulu vera fleiri en 50 nemendur í hverju rými. Um nálægðarmörk nemenda í tónlistarskóla fer eftir ákvæðum reglugerðarinnar á hverju skólastigi. Nemendur fæddir 2005 eða fyrr og starfsmenn skulu nota andlitsgrímur ef nálægðartakmörkunum verður ekki við komið, sé þess kostur.

Öll tónlistarkennsla barna á leik- og grunnskólaaldri er heimil með sömu takmörkunum og gildir um skólastarf þeirra.

Viðburðir tengdir starfi eða félagslífi tónlistarskóla, svo sem tónleikar, eru ~~óheimilir fyrir aðra en nemendur og kennara~~ **heimilir og skal framkvæmd vera í samræmi við 7. mgr. 5. gr., sbr. 4. mgr. 3. gr., reglugerðar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.**

Almennu reglugerðin nr. 90/2022

3. gr.

Fjöldatakmörkun.

Í takmörkun á samkomum felst að fjöldasamkomur eru óheimilar á gildistíma þessarar reglugerðar. Með fjöldasamkomum er átt við það þegar fleiri en 50 einstaklingar koma saman, hvort sem er í opinberum rýmum eða einkarýmum, innan- og utandyra. Er þá meðal annars vísað til:

1. Ráðstefna, málþinga, útifunda o.þ.h.
2. Kennslu, fyrirlestra og prófahalds, sbr. þó 7. mgr. 2. gr.
3. Skemmtana, svo sem standandi eða sitjandi viðburða og einkasamkvæma.
4. Annarra sambærilegra viðburða með fleiri en 50 einstaklingum.

Enn fremur skal tryggt á öllum vinnustöðum og í allri starfsemi að ekki séu á sama tíma fleiri en 50 einstaklingar inni í sama rými. Tryggja skal að ekki sé samgangur milli rýma.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er verslunum og söfnum heimilt að taka við 100 manns í rými og til viðbótar fimm viðskiptavinum á hverja 10 m² umfram 100 m², þó að hámarki 500 viðskiptavinum. Leitast skal við að viðhafa 1 metra nálægðartakmörkun þar sem fólk staldrar við í lengri tíma, svo sem í biðröðum á kassasvæðum.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er heimilt að hafa allt að 500 manns í rými, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

1. Allir gestir séu sitjandi og ekki andspænis hver öðrum.
2. Viðhöfð sé 1 metra nálægðartakmörkun milli ótengdra gesta.
3. Allir gestir noti andlitsgrímu.
4. Ekki séu seldar áfengisveitingar fyrir viðburð, á meðan hann stendur yfir og eftir að honum lýkur.
5. Gestir skulu beðnir um að halda kyrru fyrir í sætum sínum, ef hlé er gert á viðburði, sé þess kostur.

Fjöldatakmarkanir skv. 1. og 2. mgr. gilda ekki um almenningssamgöngur, hópþingreiðar, innanlandsflug, farþegaferjur og störf viðbragðsaðila, svo sem lögreglu, slökkviliðs, hjálparliðs almannavarna og heilbrigðisstarfsfólks. Enn fremur gildir ákvæðið ekki um störf ríkisstjórnar, ríkisráðs, þjóðaröryggisráðs, Alþingis og þegar dómstólar fara með dómsveld sitt.



4. mgr.

Almennu reglugerðin nr. 90/2022

5. gr.

Takmarkanir á starfsemi vegna sérstakrar smithættu.

Veitingastaðir þar sem eru heimilaðar áfengisveitingar, ...

....

Íþróttæfingar og -keppnir barna og fullorðinna, innan- og utandyra, með og án snertingar, eru heimilar með allt að 50 manns í rými. Búningsaðstaða skal þrífín reglulega og snertifletir sótthreinsaðir milli hópa. Sameiginleg áhöld skulu sótthreinsuð milli hópa, loftræsting skal vera í lagi og loftað reglulega út yfir daginn. Sama gildir um sitjandi borðleiki, svo sem skák, bridds og bingó. Um áhorfendur fer eftir 3. gr.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands setur sérsamböndum reglur, svo sem um einstaklingsbundnar sóttvarnir og sótthreinsun búnaðar, um framkvæmd æfinga og keppna í sínum greinum í samvinnu við sóttvarnalækni. Í íþróttum sem ekki tilheyra Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands skal setja leiðbeiningar eða fylgja sömu leiðbeiningum og gilda um sambærilegar íþróttir innan sambandsins.

Sviðslistir, kórastarf sem og aðrir menningarviðburðir eru heimilir með allt að 50 manns á sviði, þ.e. æfingar og sýningar. Andlitsgrímur skulu notaðar þegar því verður við komið nema þegar listflutningur fer fram. Leitast skal við að viðhafa 1 metra nálægðartakmörkun. Gætt skal að handhreinsun, sótthreinsun sameiginlegs búnaðar a.m.k. tvisvar á dag og tryggja skal að loftræsting sé í lagi. Um áhorfendur fer eftir 3. gr.

7. mgr.

Upplýsingagjöf til foreldra

Minnt er á síðu mennta- og barnamálaráðuneytisins og fréttatilkynninguna sem ráðuneytið sendi frá sér, sjá hér:

- <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/01/25/Ahrif-breyttra-reglna-um-sottkvi-a-skolastarf/>
- <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/spurt-og-svarad-skolastarf-og-covid-19/>



